

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Íbúðarbyggð í Kotru.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 17. ágúst 2023 eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Kotru:

- Byggingarreitur lóðarinnar Kotru 17 stækkar um tæpa 5 metra til suðurs.
- Afmörkun skipulagsmarka og lóðarmarka lóðarinnar Kotru 18 er breytt og byggingarreitur lóðarinnar stækkar.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 27. júní 2023 eftirtalda breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Kotru:

- Byggingarreitur lóðarinnar Kotru 11 stækkar um 8 metra til austurs.

Breytingarnar teljast óverulegar með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 15. febrúar 2024,

Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2024